

Fundur í fjallskilanevnd Landbrots- og Miðafréttar 23. ágúst 2022

Mætt voru: Fanney Ólöf Lárusdóttir, Bjarni Bjarnason og Hörður Eypórsson sem ritaði fundargerð.

Rætt um fjallskil 2022. Formaður lagði fram drög að fjallskilaseðli sem var samþykktur. Fjallkóngar verða þeir Sigurjón Fannar Ragnarsson Þykkvabæ 3 á Landbrotsafrétti og Sverrir Gíslason Kirkjubæjarklaustri 2 á Miðafrétti. Fjallkóngar verða einnig réttarstjórar í Skaftárrétt 10. september kl. 9.

Ákveðið að Davíð Andri Agnarsson og Bjarni Bjarnason hafi umsjón með smölun á lögbýlunum Skál og Á.

Úr landbótasjóði kom vilyrði um styrk upp á 1.130.000. Deilist sú upphæð í tvennt á Miðafrétt og Austursíðuafrétt. Umsjónarmenn áburðardreifingarinnar voru Hörður Eypórsson á Miðafrétti og Rúnar Þorri Guðnason á Austursíðuafrétti. Borið var á Miðafrétt þann 25. júlí.

Fjallskilanevnd hefur ákveðið að stefnt skuli að því að farið verði í 1. safn 2023 þriðjudaginn 5. september og að öllu forfallalaustu yrði réttað laugardaginn 9. september.

Bjarni óskar eftir því að vegur verði lagaður við Kofasker. Ákveðið að hann hafi samband við skipulags- og byggingafulltrúa varðandi það mál.

Ákveðið að farið verði í viðhaldsvinnu á lögréttinni í júní 2023. Farið verði í að háprýstipvo vegg og mála þá. Einnig þarf að laga/skipta um milligirðingar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið
Hörður Eypórsson

Skaftárhreppur

Klausturvegi 4

880 KIRKJUBÆJARKL.

Fjallskilaseðill

Landbrots- og Miðafréttar 2022



Drífandi

FJALLSKILASEÐILL 2022

Fjallskil 2022:

Fjallskilanevnd fyrir Landbrots- og Miðafrétti gjörir kunnugt að fjallskil á nefndu svæði skuli fara fram haustið 2022, eins og hér segir:

Þriðjudaginn 6. september skal farið í 1. safn. *Við smölun afréttanna skal hafa eins gott samsafn og kostur er.*

Réttardagur verður að forfallalausum laugardaginn 10. september og réttarstörf hefjast kl. 9:00.

Fjallkóngar verða þeir Sigurjón Fannar Ragnarsson, Þykkvabæ III, á Landbrotsafrétti og Sverrir Gíslason, Kirkjubæjarklaustri II, á Miðafrétti.

Skyldir eru safnsmenn að hlýða án tafar öllum forsvaranlegum fyrirmælum fjallkónga.

Réttarstjórar verða þeir Sverrir Gíslason og Sigurjón Fannar Ragnarsson.

Þar sem stefnt er að smölun í 2. safni taki aðeins 2 daga er fjallkóngum falið að hafa samráð, meta veðurútlit og ákveða smaladaga, en miðað er við að þeir verði ekki seinna en helgina 24. – 25. september ef því er við komið. Einnig er þeim falið að ákveða hvenær farið verður í 3. safn.

Samkvæmt fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2022 er ekki gert ráð fyrir að sveitarfélagið greiði fyrir akstur og mun því mögulegur kostnaður vegna aksturs koma til niðurjöfnunar á fjáreigendur og lögbyli.

Það verður ekki skipulagður fjárflutningur milli Fossréttar og Skaftárréttar á vegum Fjallskilanevndar. Fjáreigendur á Út-Síðu og Landbroti verða sjálfir að sækja fé sitt í Fossrétt úr öllum lögsöfnum og utan þeirra.

Daggjald á afrétti hefur verið ákveðið kr. 17.350 á öllum afréttarsvæðum sveitarfélagsins haustið 2022. Smalar greiða fæðiskostnað. Reikningum vegna fjallskila skal skila til formanns fjallskilanevndar eigi síðar en 1. nóvember.

Fjallskilanevndin vill koma því á framfæri til landeigenda að þeir brýni fyrir smölum sínum, hvort sem þeir eru á hestum, hjólum eða bílum að ganga vel um landið og fara ekki yfir viðkvæm svæði þannig að á sjái. Það sama á við um þá sem koma á móti safninu.

Landeigendur sem ekki eiga tök á að útvega smala í álögð söfn skulu láta viðkomandi fjallkónga vita í allra síðasta lagi miðvikudaginn 31. ágúst nk.

Fjallskilanevnd og fjallkóngar veita nánari upplýsingar um fjallskilin ef óskað er.

LANDBROTSAFRÉTTUR

FJALLSKIL HAUSTIÐ 2022

HEIMILISFANG	1. SAFN 4 dagar	2. SAFN 2 dagar	3. SAFN 2 dagar	ÁLAGNING: 36.869 kr/býli + 661 kr/kind	GREIÐSLUR FYRIR UNNIN SÖFN 17.350 kr/dag	MISMUNUR + KR = INNEIGN - KR = SKULD
ARNARDRANGUR	1			36.869	69.400	32.531
FOSSAR	2	1	1	202.014	208.200	6.186
YTRA-HRAUN	1			36.869	69.400	32.531
EYSTRÁ-HRAUN	0,5			36.869	34.700	-2.169
SEGLBÚÐIR	1			36.869	69.400	32.531
ÞYKKVIBÆR I	0,5			36.869	34.700	-2.169
ÞYKKVIBÆR II	1			36.869	69.400	32.531
ÞYKKVIBÆR III	2	2	2	340.737	277.600	-63.137
HRAUNKOT	1	2	1	183.518	173.500	-10.018
FAGURHLÍÐ	1			36.869	69.400	32.531
SÓLHEIMAR		1		36.869	34.700	-2.169
EYSTRÍ-DALBÆR	1			36.869	69.400	32.531
SYÐRI-VÍK	1			36.869	69.400	32.531
EFRI-VÍK		1		36.869	34.700	-2.169
HÓLMUR		1		36.869	34.700	-2.169
SKAFTÁRDALUR I	1			36.869	69.400	32.531
SKAFTÁRDALUR II		1		36.869	34.700	-2.169
SKAFTÁRDALUR III	1			36.869	69.400	32.531
HEIÐARSEL		1		36.869	34.700	-2.169
HEIÐI	1			36.869	69.400	32.531
TUNGA		1		36.869	34.700	-2.169
SKÁL	1			36.869	69.400	32.531
SAMTALS	17	11	4	1.426.775	1.700.300	273.525

MIÐAFRÉTTUR FJALLSKIL HAUSTIÐ 2022

HEIMILISFANG	1. SAFN 4 dagar	2. SAFN 2 dagar	3. SAFN 2 dagar	ÁLAGNING: 36.869 kr/býli + 661 kr/kind	GREIÐSLUR FYRIR UNNIN SÖFN 17.350 kr/dag	MISMUNUR + KR = INNEIGN - KR = SKULD
GEIRLAND				36.869	0	-36.869
MÖRK	2	2	2	392.923	277.600	-115.323
KIRKJUBÆR II	1			36.869	69.400	32.531
KIRKJUBÆJARKLAUSTUR II	2	2	1	341.397	242.900	-98.497
HUNKUBAKKAR BKH	1	1		231.142	104.100	-127.042
HUNKUBAKKAR PHH	1			101.007	69.400	-31.607
ÁSGARÐUR	2	2	1	235.043	242.900	7.857
HOLT		1		36.869	34.700	-2.169
NÝIBÆR	1			36.869	69.400	32.531
HÆÐARGARÐUR	1			36.869	69.400	32.531
HÁTÚN	1			36.869	69.400	32.531
SAMTALS	12	8	4	1.522.725	1.249.200	-273.525

Álagning vegna fjallskila samtals kr.	2.949.500	2.949.500	0
--	------------------	------------------	----------

